

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2021/1699****2022/EES/34/09****frá 22. september 2021**

um breytingu á VIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 að því er varðar fyrirmynd að heilbrigðisvottorði vegna tilflutninga á sendingum af aukaafurðum úr dýrum frá takmörkunarsvæðum sem komið var á fót til forvarna og varna gegn tilteknum skráðum sjúkdómum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 frá 9. mars 2016 um smitandi dýrasjúkdóma og um breytingu og niðurfellingu á tilteknum gerðum á sviði dýraheilbrigðis (lög um dýraheilbrigði) (1), einkum 2. mgr. 146. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 frá 21. október 2009 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til mannelis og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1774/2002 (2), einkum b-lið 5. mgr. 21. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 (3) er mælt fyrir um framkvæmdarráðstafanir vegna reglna um heilbrigði dýra og manna að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1069/2009, þ.m.t. fyrirmyndir að heilbrigðisvottorðum og skilyrði sem gilda um það hvernig þau eigi að fylgja sendingum af slíkum afurðum.
- 2) Í 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 er kveðið á um almennar takmarkanir sem varða heilbrigði dýra um sendingar aukaafurða úr dýrum og afleiddra afurða úr smitnæmum tegundum frá búum, fyrirtækjum, stöðvum eða svæðum sem sæta takmörkunum samkvæmt heilbrigðislöggjöf Sambandsins um dýr og dýraafurðir eða vegna þess að alvarlegur smitsjúkdómur er til staðar sem er skráður í I. viðauka við tilskipun 92/119/EBE (4). Sú tilskipun var felld úr gildi og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 kom í hennar stað frá og með 21. apríl 2021. Með reglugerð (ESB) 2016/429 er m.a. komið á nýjum bálki reglna um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum.
- 3) Í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/687 (5) er mælt fyrir um reglur um forvarnir og varnir gegn tilteknum skráðum sjúkdómum. Í 5. mgr. 22. gr. þeirrar framseldu reglugerðar er kveðið á um að með aukaafurðum úr dýrum sem eru upprunnar á takmörkunarsvæði og fluttar út fyrir það þegar uppkoma sjúkdóms í A-flokki hefur verið staðfest verði, í því skyni að koma í veg fyrir frekari útbreiðslu sjúkdómsins, að fylgja dýraheilbrigðisvottorð sem opinber dýralæknir gefur út þar sem fram kemur að heimilt sé að flytja þær af takmörkunarsvæðinu við skilyrði sem lögbært yfirvald hefur komið á í samræmi við II. kafla II. hluta þeirrar framseldu reglugerðar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 336, 23.9.2021, bls. 42. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 91/2022 frá 29. apríl 2022 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 84, 31.3.2016, bls. 1.

(2) Stjtið. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1.

(3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 frá 25. febrúar 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 um heilbrigðisreglur, að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til mannelis, og um framkvæmd tilskipunar ráðsins 97/78/EB að því er varðar tiltekin sýni og hluti sem eru undanþegin heilbrigðisefirliti með dýrum og dýraafurðum á landamærum samkvæmt þeirri tilskipun (Stjtið. ESB L 54, 26.2.2011, bls. 1).

(4) Tilskipun ráðsins 92/119/EBE frá 17. desember 1992 um almennar ráðstafanir Bandalagsins vegna eftirlits með tilteknum dýrasjúkdómum og sérstakar ráðstafanir í tengslum við blöðruveiki í svinum (Stjtið. EB L 62, 15.3.1993, bls. 69).

(5) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/687 frá 17. desember 2019 um viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur um forvarnir og varnir gegn tilteknum skráðum sjúkdómum (Stjtið. ESB L 174, 3.6.2020, bls. 64).

- 4) Í reglugerð (ESB) nr. 142/2011 er kveðið á um reglur er varða setningu aukaafurða úr dýrum á markað. Í 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 142/2011 er kveðið á um að á meðan á flutningi sendinga af aukaafurðum úr dýrum stendur skuli fylgja með þeim viðskiptaskjöl eða heilbrigðisvottorð sem sett eru fram í III. kafla í VIII. viðauka við þá reglugerð. Löggjöfin um aukaafurðir úr dýrum er yfirgripsmikill bálkur reglna, einkum reglna um flokkun, söfnun, flutning og vinnslu aukaafurða úr dýrum. Til samræmis við það ætti að innleiða nýja fyrirmynd að vottorði, sem um getur í 5. mgr. 22. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/687, í III. kafla VIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011.
- 5) Því ætti að breyta VIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 til samræmis við það.
- 6) Innleiða ætti viðeigandi umbreytingartímabil til að gera aðildarríkjum og hagsmunaaðilum kleift að aðlagast nýju reglunum um tilflutning á aukaafurðum úr dýrum frá takmörkunarsvæðunum sem komið var á fót í samræmi við framselda reglugerð (ESB) 2020/687.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum VIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 17. október 2021.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. september 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Í III. kafla VIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 er eftirfarandi 7. lið bætt við:

„7 Fyrirmynd að heilbrigðisvottorði

Fyrirmynd að heilbrigðisvottorði vegna tilflutninga á sendingum af aukaafurðum úr dýrum frá takmörkunarsvæðum sem komið var á fót til forvarna og varna gegn tilteknum skráðum sjúkdómum

I. hluti: Upplýsingar um sendingu	I.1 Sendandi			I.2 Tilvísunarnúmer vottorðs	I.2.a Tilvísunarnúmer staðar	
	Heiti			I.3 Lögbært stjórnvald		
	Heimilisfang			I.4 Lögbært staðaryfirvald		
	Póstnúmer					
	I.5 Viðtakandi			I.6 Númer tilheyrandi upprunalegra vottorða Númer fylgiskjala		
	Heiti					
	Heimilisfang			I.7 Söluaðili		
	Póstnúmer			Heiti Samþykkisnúmer		
	I.8 Uppruna-land	ISO-kóði	I.9 Upprunasvæði	I.10 Viðtökuland	ISO-kóði	I.11 Viðtökusvæði
	I.12 Upprunastaður			I.13 Viðtökustaður		
Heiti			Heiti			
Heimilisfang			Heimilisfang			
Póstnúmer			Póstnúmer			
I.14 Fermingarstaður			I.15 Brottfarardagur og -tími			
Póstnúmer/svæði						
I.16 Flutningatæki			I.17 Flutningsaðili			
Flugvél <input type="checkbox"/> Skip <input type="checkbox"/> Járnbautarvagn <input type="checkbox"/>			Heiti			
Ökutæki <input type="checkbox"/> Annað <input type="checkbox"/>			Heimilisfang			
Auðkenning			Póstnúmer			
Númer			Aðildarríki			
I.18 Lýsing á vöru				I.19 Vörunúmer (ST-númer)		
				I.20 Fjöldi/magn		
I.21 Hitastig afurða				I.22 Fjöldi pakkninga		
I.23 Auðkenni gáms/innsiglisnúmer				I.24 Tegund umbúða		
I.25 Vörur sem eru vottaðar:						
I.26 Umflutningur gegnum þriðja land <input type="checkbox"/>			I.27 Umflutningur gegnum aðildarríki <input type="checkbox"/>			
Þriðja land		ISO-kóði	Aðildarríki		ISO-kóði	
Brottfararstaður		Kóði	Aðildarríki		ISO-kóði	
Komustaður landamærum		Nr. skoðunarstöðvar á	Aðildarríki		ISO-kóði	
I.28 Útflutningur <input type="checkbox"/>			I.24 Áætlaður ferðatími			
Þriðja land		ISO-kóði				
Brottfararstaður		Kóði				
I.30 Leiðaráætlun						
Já Nei						
I.31 Auðkenning varanna						
Tegund (vísindaheiti)			Magn			

Aukaafurðir úr dýrum frá takmörkunarsvæðum sem komið var á fót til forvarna og varna gegn tilteknum skráðum sjúkdómum

	II. Upplýsingar um heilbrigði	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b. Tilvísunarnúmer staðar
II. hluti: Vottun	<p>Ég, undirritaður, opinber dýralæknir, votta hér með að:</p> <p>(1)annaðhvort [II.1 Aukaafurðir úr dýrum sem lýst er í I. hluta eru fengnar úr dýrum í haldi:</p> <p>(1)annaðhvort [aflífuð vegna forvarna og varna gegn:</p> <p>(1)annaðhvort [.....(setjið inn heiti viðkomandi sjúkdóms í A-flokki) samkvæmt leiðbeiningum lögbærs yfirvalds í samræmi við reglugerð (ESB) 2020/687 og eru ætlaðar til vinnslu með</p> <p>(1) annaðhvort [Aðferð 1 til 5]]</p> <p>(1) eða [brennslu.]]</p> <p>(1) eða [sambrennslu.]]</p> <p>(1)eða [.....(setjið inn heiti viðkomandi nýtilkomins sjúkdóms) samkvæmt leiðbeiningum lögbærs yfirvalds í samræmi við neyðarráðstafanir sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt skv. 259. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 og eru ætlaðar til vinnslu með</p> <p>(1) annaðhvort [Aðferð 1 til 5]]</p> <p>(1) eða [brennslu.]]</p> <p>(1) eða [sambrennslu.]]</p> <p>(1)eða [falla ekki undir aflífun af hálfu lögbærs yfirvalds vegna forvarna og varna gegn sjúkdómum í A-flokki eða nýtilkominna sjúkdóma og voru haldin í stöðvum sem eru staðsettar á takmörkunarsvæðum sem komið var á fót til forvarnar og varnar gegn dýrasjúkdómum í samræmi við</p> <p>(1) annaðhvort [framselda reglugerð (ESB) 2020/687,]</p> <p>(1) eða [tímabundnar sérstakar ráðstafanir um sjúkdómavarnir sem um getur í 71. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429,]</p> <p>(1) eða [neyðarráðstafanir sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt í samræmi við 259. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429,]</p> <p>og aukaafurðirnar úr dýrum eru fluttar af því takmörkunarsvæði í samræmi við skilyrðin sem sett eru fram í⁽²⁾, til</p> <p>(1) annaðhvort [vinnslu með aðferðum 1–5, eins og sett er fram í II. kafla IV. viðauka, og ef um er að ræða verkun á aukaafurðum, sem fengnar eru úr lagardýrum, í síló, eins og sett er fram í K-lið 2. þáttar IV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011.]]</p> <p>(1) eða [vinnslu eða meðhöndlunar með aðferðum sem um getur í X. viðauka, XI. viðauka eða XIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011.]]</p> <p>(1) eða [vinnslu á unnu gæludýrafóðri, öðru en hráu gæludýrafóðri sem um getur í XIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011.]]</p> <p>(1) eða [ummyndunar í moltu eða lífgas sem um getur í 1. þætti III. kafla V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011.]]</p> <p>(1)eða [II.1 [Aukaafurðir úr dýrum sem lýst er í I. hluta eru fengnar úr villtum dýrum af skráðum tegundum sem fundust dauð eða voru aflífuð vegna forvarna og varna gegn(setjið inn heiti viðkomandi sjúkdóms í A-flokki) samkvæmt leiðbeiningum lögbærs yfirvalds⁽³⁾ í samræmi við c-lið 2. mgr. 64. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/687 og eru ætlaðar til vinnslu með</p> <p>(1) annaðhvort [Aðferð 1 til 5.]]</p> <p>(1) eða [brennslu.]]</p> <p>(1) eða [sambrennslu.]]</p>		
	<p>Athugasemdir</p> <p>I. hluti:</p> <p>— Reitur I.9 og I.11: strikið yfir það sem á ekki við.</p> <p>— Reitur I.12, I.13 og I.17: samþykkisnúmer eða skráningarnúmer.</p> <p>— Reitur I.14: fyllið út ef annað en í reit „I.1. Sendandi.“</p>		

II. Upplýsingar um heilbrigði	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b. Tilvísunarnúmer staðar								
<p>— Reitur I.25: til „vinnslu“, „meðhöndlunar“ eða „ummyndunar“</p> <p>— Reitur I.31: Tegund vöru: „Aukaafurðir úr dýrum sem um getur í 5. mgr. 22. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/687.“ Flokkur: „1. flokkur“, „2. flokkur“ eða „3. flokkur“</p> <p>II. hluti:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1) Strikið yfir það sem á ekki við. 2) Setjið inn númer viðkomandi greina(r), heiti réttargerðar, sem framkvæmdastjórnin samþykkti, og dagsetningu birtingar hennar í <i>Stjórnartíðindum Evrópusambandsins</i> þar sem kveðið er á um þessi skilyrði eða tilvísun í réttargerð eða fyrirmæli sem lögbært yfirvald samþykkti og birti opinberlega þar sem kveðið er á um þessi skilyrði. 3) Sjá sértæka löggjöf um forvarnir gegn smitandi sjúkdómum. 										
<p>Opinber dýralæknir</p> <table data-bbox="272 703 1342 889"> <tr> <td data-bbox="272 703 922 741">Nafn (með hástöfum):</td> <td data-bbox="922 703 1342 741">Menntun, hæfi og titill:</td> </tr> <tr> <td data-bbox="272 741 922 779">Staðbundin dýralæknaeining:</td> <td data-bbox="922 741 1342 779">Númer staðbundinnar dýralæknaeiningar:</td> </tr> <tr> <td data-bbox="272 779 922 817">Dagsetning:</td> <td data-bbox="922 779 1342 817">Undirskrift:“</td> </tr> <tr> <td data-bbox="272 817 922 855">Stimpill:</td> <td data-bbox="922 817 1342 855"></td> </tr> </table>			Nafn (með hástöfum):	Menntun, hæfi og titill:	Staðbundin dýralæknaeining:	Númer staðbundinnar dýralæknaeiningar:	Dagsetning:	Undirskrift:“	Stimpill:	
Nafn (með hástöfum):	Menntun, hæfi og titill:									
Staðbundin dýralæknaeining:	Númer staðbundinnar dýralæknaeiningar:									
Dagsetning:	Undirskrift:“									
Stimpill:										